Handbók sjálfboðaliða á mótum

Skautasambands Íslands

2026 - 2027

Skautasamband Íslands
www.iceskate.is

Icelandic Skating Association
info@iceskate.is

EFNISYFIRLIT

1 HANDBÓK SJÁLFBOÐALIÐA 2

1.1 MARKMIÐ 2
1.2 MÆTING OG SKRÁNING 2
1.3 HLUTVERK SJÁLFBOÐALIÐA 2
HLIÐVÖRÐUR 2
MÓTTAKA 2
KYNNIR 2
TÓNLISTARSTJÓRI 3
TÍMAVÖRÐUR 3
MYNDBANDSUPPTAKA FYRIR PANEL 3
SJÚKRATEYMI 3
HOLUFYLLARAR/ÍSHIRÐAR 3
UPPSETNING OG FRÁGANGUR 3
VERÐLAUNATEYMI 3
DÓMARAKAFFI 3
LIÐSSTJÓRAR FÉLAGA 4
1.4 FLÆÐI Á MÓTSDEGI 4

1 Handbók sjálfboðaliða

1.1 Markmið

Markmið stuttu handbókarinnar er að tryggja að sjálfboðaliðar viti:

- Hvar þeir eiga að vera
- Hvert hlutverk þeirra er
- Hvernig flæði mótsins er frá upphafi til enda.
- Nauðsynlegt er að sjálfboðaliðar fái allar helstu upplýsingar minnst viku fyrir mót
- Mikilvægt að sjálfboðaliðar kynni sér til fullnustu þau gögn sem þeim eru fengin.

Handbókin er hugsuð sem flýtileið að upplýsingum á mótsdegi.

Allir sjálfboðaliðar skulu starfa eftir siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU og skulu ekki hlotið refsidóm vegna brota samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940

1.2 Mæting og skráning

- Mæting er að minnsta kosti 15 mínútum fyrir upphaf vaktar.
- Sjálfboðaliðar skrá sig hjá móttöku, við skráningu þurfa sjálfboðaliðar að kvitta fyrir mætingu og staðfesta þar með að fara eftir siðareglum og séu ekki á sakaskrá.
- Þar fá þeir:
  - stuttar munnlegar leiðbeiningar
  - nauðsynlegan búnað (t.d. nafnspjöld, talstöð ef við á).
- Ef sjálfboðaliðum þykir eitthvað óljóst eða vilja fá nánari útskýringu þá er um að gera að nýta þennan tíma að afla sér þeirra upplýsinga.

1.3 Hlutverk sjálfboðaliða

Hliðvörður

- Stjórnar aðgangi að ís.
- Tryggir að aðeins viðkomandi keppendur, þjálfarar og sjálfboðaliðar séu á afmörkuðum svæðum og vísar óviðkomandi einstaklingum frá keppnissvæði.

Móttaka

- Tekur á móti keppendum, þjálfurum og sjálfboðaliðum.
- Merkja við mætingu, gefur upplýsingar um dagskrá móts
- Vísar keppendum á búningsklefa og upphitunarsvæði.
- Lætur keppendur í skautahlaupi draga hjálmahettur og tekur á móti þeim aftur eftir keppni.
- 18 ára aldurstakmark.

Kynnir

- Kynnir keppendur, flokka og prógrömm/vegalengdir samkvæmt gögnum.
- Les upp einkunnir þar sem við á þegar þær liggja fyrir
- Heldur faglegum, rólegum og glaðlegum tón í gegnum mótið.
- Ber ábyrgð á að kynna sér réttan framburð nafna á keppendum fyrir keppni
- 18 ára aldursmark.

Tónlistarstjóri

- Vinnur náið með kynni.
- Stillir á tónlist í keppni, í upphitun og í hléum.
- Stjórnar tónlist á aðalæfingum og tímamælir tónlist
- 16 ára aldurstakmark.

Tímavörður

- Vinnur náið með yfirdómara.
- Tímamælir hvern keppanda í keppni
- Er ekki keppandi á móti.
- 16 ára aldurstakmark.

Myndbandsupptaka fyrir panel

- Fylgir skauturum náið eftir á myndbandsvél.
- Fær leiðsögn frá tækniaðstoð panels.
- Vinnur með yfirdómara.
- 18 ára aldurstakmark.

Sjúkrateymi

- Er skylda á öllum alþjóðlegum mótum
- Þarf að vera viðstatt alla keppnishluta
- Þurfa að vera aðilar sem geta veitt læknisfræðilega bráðaþjónustu á staðnum
- 20 ára aldurstakmark

Holufyllarar/íshirðar

- Eru almennt á skautum
- Fylla í holur fyrir heflun
- Íshirðar fleyta ísinn í skautahlaupi með könnum og/eða fötum
- Íshirðar fá leiðbeiningar frá yfirdómara skautahlaups um fleytingu íss
- 12 ára aldurstakmark

Uppsetning og frágangur

- Setja upp dómarapalla ásamt stólum, borðum og teppum fyrir mót
- Setja upp bólstrun fyrir keppni í skautahlaupi
- Stilla upp „Kiss&Cry" svæði
- Hengja upp merkingar
- Ganga frá eftir mót.

Verðlaunateymi

- Undirbýr verðlaunapalla, verðlaunapeningaog viðurkenningar.
- Tryggir að keppendur og liðsstjórar þeirra hafi upplýsingar um fyrirkomulag verðlaunaafhendinga Sér um að verðlaunaafhendingar gangi hratt og snyrtilega fyrir sig.

Dómarakaffi

- Sjálfboðaliðar frá félögunum sjá um veitingar fyrir dómarapanel á mótinu.
- Fá upplýsingar frá mótsstjóra um hvaða veitingar þurfa að vera.
- Mælt er með að hafa snarl eða mat fyrir sjálfboðaliða á löngum vöktum.

Liðsstjórar félaga

- Tengiliðir milli mótshaldara og félaga.
- Tryggja að keppendur séu tilbúnir á réttum tíma.
- Taka við upplýsingum um breytingar, seinkanir, sérstakar beiðnir og koma þeim á rétta staði.
- Vera búinn að setja upp whatsapp fyrir mót upp á samskipti við mótshaldara.
- Skal hvorki vera starfandi þjálfari né keppandi á mótinu.
- Tryggir að þeir keppendur sem lokið hafa keppni yfirgefi keppnissvæði og eru ekki að rápa um keppnissvæði með tilliti til annarra keppenda.

1.4 Flæði á mótsdegi

Almennt flæði móts er:

Æfingar → Upphitun → Keppni → Einkunnir → Verðlaun

Sjálfboðaliðar fylgja alltaf leiðbeiningum mótsstjóra og aðstoðar mótsstjóra ef breytingar verða á dagskrá.